

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
b/t Rúnar Guðmundsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 22. maí 2019
UST201905-106/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting - Aðalskipulag Flóahrepps 2017 – 2029 - Bitra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Flóahrepps er barst 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017 – 2029 vegna á breytingar starfsemi á reit VP8 við Skeiðavegamót.

Í greinargerð kemur fram að breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggingarmagn aukist úr 5000 m² í 8500 m² og hótalgisting verði heimiluð fyrir allt að 250 herbergi.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn þann 18. janúar sl. í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.


Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem breytingin nær til er flatlent og því telur stofnunin að byggingarnar geti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að allar byggingar verði hannaðar á 1-2 hæðum, að þær falli vel að landslaginu og að staðargróður verði nýttur til uppgræðslu til að lágmarka neikvæð sjónræn áhrif.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur